

Á fundi í bæjarsjórn Hafnarfjarðar var þann 27.10.2021 samþykkt að breyta aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Forsenda breytingarinnar er að þynningarsvæði umhverfis álversíð í Straumsvík hefur verið felld niður. Breytingin felst í að landnotkun er endurskoðuð á hluta þess svæðis sem þynningarsvæðið hafði áður áhrif á.

**Núverandi staða:**

Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 eru sýnd svæði takmarkaðrar ábyrgðar og þynningarsvæði í kringum álveríð í Straumsvík. Í samningi milli Ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. frá því 1966 er skilgreint svæði „takmarkaðrar ábyrgðar“ þar kemur fram að ISAL ber ekki ábyrgð á tjóni af völdum mengunar innan þess svæðis. Ekki voru sett nein skilyrði um takmörkun landnotkunar innan þess svæðis. Þessi mörk breytast ekki.

Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 var skilgreint það sem nefnt var „bráðabirgðamörk þynningarsvæðis ætlaðrar loftmengunar“ sem Hollustuvernd ríkisins (nú Umhverfisstofnun) setti. Á þessu þynningarsvæði var ekki gert ráð fyrir búsetu, landbúnaði né matvælaframleiðslu.

Megnið að skipulögðu svæði innan þynningarsvæðis er athafna- og iðnaðarsvæði, að undanskildu svæðinu í kringum Straum og Þorbjarnarstaði, sem flokkast undir önnur náttúrusvæði, og hluti af íþróttasvæði gólfklúbbsins Keilis. Engar breytingar verða á þessum svæðum.

Athafna- og iðnaðarsvæðið skiptist í flokka B2 og B3 í samræmi við aðalskipulag Hafnarfjarðar. Á svæði B2 er gert ráð fyrir léttum iðnaði og atvinnustarfsemi sem hefur óveruleg mengandi áhrif. Flokkur B3 er þungur iðnaður sem getur haft neikvæð umhverfisáhrif í för með sér og háð lögum og reglum um mengunarmörk.

**Forsendur:**

Í byrjun árs 2019 óskaði Hafnarfjarðarbær eftir því að ReSource International ehf. umhverfisráðgjöf myndi gera mat á dreifingu loftmengunar fyrir starfsemi álvers Rio Tinto í Hafnarfirði, sem byggð er á nýjustu gögnum, fyrir hugsanlega endurskoðun á stærð þynningarsvæðis í kringum álveríð. Áherslur skýrslunnar voru að ætla hver styrkur og dreifing mengunarefna hefur verið síðustu árin innan þessara tveggja svæða, en ekki utan þeirra. Langt er síðan umhverfismörk svæðanna voru ákvrðuð (1966 og 1997) og hefur mengunarmörkun álversins verið bætt umtalsvert síðan og hafa loftgæðastöðvar í nágrenni álversins sýnt fram á lágan styrk mengunarefna.

Í nýju starfsleyfi Rio Tinto sem gefið var út 2. nóvember 2021 voru m.a. ákvæði um þynningarsvæði felld út.

Í starfsleyfinu er einnig lögð áhersla á að til varnar mengunar ytra umhverfis er

rekstraráðila gert skylt að nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarmörk. Einnig er skylt að starfseki umhverfisstjórnunarkerfi og efla þar umhverfismörk m.a. með nýrri loftgæðamælistöð sem staðsett yrði vestan við álveríð.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 3. nóvember 2020 og bæjarsjórnar þann 11. nóvember 2020 var samþykkt á grundvelli skýrslu ReSource International ehf. að minnka bæði þynningar- og öryggissvæðið. Einnig að gerð verði ný tillaga að umhverfismörkun í kringum álveríð sem byggð er á niðurstöðum mengunartreikninga og byggist á hvar ætlað er að viðmiðunarmörkin 0,3 mu/m3 fyrir loftkennt flúoríð liggi. Einnig tekur skipulags- og byggingarráð undir það sem lagt er til í lok skýrslunnar að mælingum skuli fjölgað nær byggð í Vallarhverfi, Skaróshlíð og Hamranesi.

**Lýsing:**

Breytingin felur í sér að ákvæði varúðarsvæðis VA1 breytist þannig að þynningarsvæði felur út, en í staðin eru sett ákvæði um vöktun á losun álversins með fjölgun á mælingum nær byggð í Vallarhverfi, Skaróshlíð og Hamranesi. Eins eru settar takmarkanir á notkun bygginga á iðnaðar- og athafnasvæðum innan varúðarsvæðisins. Í takmörkunum felst að viðvæm starfsemi, búseta eða tímabundin gisting er ekki heimilúð á athafna- og iðnaðarsvæðinu.

Þá breytast hluti af landnotkunarflokkum I3 sem verður AT3 og hluti af landnotkunarflokkum I4 sem verður AT4. Við næstu heildarendurskoðun Aðalskipulags Hafnarfjarðar skal taka mið af í skýrslu ReSource í umfjöllun um svæði álversins í Straumsvík.

**Breytingar á landnýtingarflokkum:**

Við vinnslu og breytingu á aðalskipulagi kom í ljós villa í töflu 7 „Yfirlit yfir iðnaðarsvæði“ bls 50, varðandi I4, Kapelluhraun, sem skráð er 103ha í stað 113ha.

Í töflu 6 „Yfirlit yfir athafnasvæði“ breytist stærðin á reit I3, Hellnahraun, úr 135ha í 95ha. Einnig kemur ný röð í töfluna þar sem bætist við reitur AT4, Kapelluhraun, 40ha að stærð.

Í töflu 21 „Yfirlit yfir varúðarsvæði“ VA1, Þynningarsvæði álvers breytist í Varúðarsvæði.

Merkning	Heiti	Stærð ha	Lýsing
VA1	Varúðarsvæði álvers, áður þynningarsvæði	986	Innan svæðisins skal sinna mengunarmælingum og takmörkun er varuðandi starfsemi

Tafla 21. Yfirlit yfir varúðarsvæði (bls 64)

Við breytingu á landnýtingarflokkum I3 og I4 sem breytast að hluta til í flokkana AT3 og AT4 verður 80ha af landi sem ætlað var undir iðnaði að athafnasvæði. Stór hluti af þessu svæði er óskipulagður. Deiliskipulag Hellnahrauns 3. áfanga nær yfir AT3 og að hluta yfir I3. Lóðirnar á skipulagsvæðinu eru skilgreindar sem starfsemi í flokki B1 og B2. Þær lóðir sem falla undir flokk B1 eru ætlaðar fyrir verslanir, skrifstofur, hreinleg verkstæði s.s. matvælaframleiðslu, vöngumslur og aðra þjónustustarfsemi. Á lóðum sem flokkast undir B2 svæði má gera ráð fyrir léttum iðnaði og atvinnustarfsemi sem ekki hefur mengandi áhrif á umhverfis stítt.

Á svæðinu AT3 er búið að úthluta öllum lóðum í samræmi við landnýtingarflokkinn en engu hafði verið úthlutað af I3 svæði deiliskipulagsins fyrir breytingu þess 2020. Í júlí 2020 var gerð breyting á deiliskipulagi 3. áfanga Hellnahrauns. Svæðið sem nær yfir AT3 var endurskoðað og aðeins var farið inn á svæði I3, þar voru endurskoðaðar fjórtán lóðir og skipulaginu á þeim breytt. Af þessum fjórtán lóðum hefur sex lóðum verið úthlutað með forsendum og skilmálum sem gilda fyrir athafnasvæði. Þessar lóðir eru flestar fyrir geymsluhúsnæði svo breyting á landnýtingarflokki lóðanna á ekki að hafa áhrif á þá starfsemi. Í vinnslu er endurskoðun á deiliskipulagi Hellnahrauns 3. áfanga sem nær yfir það svæði sem ekki var breytt 2020. Ekki er talið að mengun þungmálma í jarðvegi eigi að hafa áhrif á breytingu landnýtingarflokka. Unnin var skýrsla af Náttúrufræðistofnun 2013 sem sýndi að sú mengun sem mældist á athafna- og iðnaðarsvæðinu væri að miklu leyti tilkominn af þeirri starfsemi sem þar er.

Innan VA1 (fyrrum þynningarsvæðis) er um 150ha svæði vestan Straumsvíkur þar sem aðalskipulagi hefur verið frestað. Við niðurfellingu þynningarsvæðis opnast möguleiki á fjölbreyttari skipulagi á því svæði enda kvæði þynningarsvæðis ekki lengur til staðar og nýting á því sem fyrir er t.d. húskasti á svæðinu verður ekki lengur þeim takmörkun háð.

**Breytt skipulag og minjar:**

Fyrrum þynningarsvæðið er hraunsvæði sem töluvert er búið að raska. Á því má finna þekktar minjar. Að falla frá þynningarsvæði hefur ekki áhrif á minjar á svæðinu, enda um að ræða mörk svæðis loftmengunar. Komi áður óþekktar minjar í ljós við framkvæmdir á svæðinu, verður Minjastofnun umsvifalaust gert viðvart.

Merkning	Heiti	Stærð ha	Lýsing
AT3	Hellnahraun 3	58	Óbyggð flatent hellnahraun
AT4	Kapelluhraun 3	40	Að mestu óbyggð hellnahraun

Tafla 6. Yfirlit yfir athafnasvæði (bls 49)

Í töflu 7 „Yfirlit yfir iðnaðarsvæði“ breytist stærðin á reit I3, Hellnahraun, úr 135ha í 95ha. Einnig kemur ný röð í töfluna þar sem bætist við reitur AT4, Kapelluhraun, 40ha að stærð.

Reitur I4, Kapelluhraun, breytist úr 103ha í 73ha (með teknu tilliti til leiðréttingar).

Merkning	Heiti	Stærð ha	Lýsing
I3	Hellnahraun	95	Blönduð iðnaðarstarfsemi. I3 óbyggð. Flatent Hellnahraun
I4	Kapelluhraun	73	Þynngi iðnaðarstarfsemi. K1 lítið byggð, K2 óbyggð


Tafla 7. Yfirlit yfir iðnaðarsvæði (bls 50)

Aðalskipulag þetta var staðfest af Skipulagsstofnun þann 10.07.2014.



FYRIR Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 - Staðfest af skipulagsstofnun 10.07.2014, með áorðnum breytingum

1:15.000



EFTIR Breytt landnotkun — Mörk breytinga

1:15.000

### BREYTING Á ADALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025 SVÆÐI: STRAUMSVÍK OG KAPELLUHRAUN - Þynningarsvæði álversins felld niður og landnýtingarflokkum breytt.



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ  
HAFNARFJARÐAR  
25.11.2021/Lagfært 19.1.2022, 7.3.2022 og 30.6.2022  
skv. aths. Skipulagsstofnunnar dags. 3.12.2021, 3.3.2022 og 30.6.2022  
ANNA MARGRÉT TÓMASDÓTTIR

### SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Tillagan var auglýst frá 19.03.2022 til 26.04.2022 og var samþykkt í bæjarsjórn Hafnarfjarðar þann: 16.06.2022

*Anna Margrét Tómasdóttir*  
Bæjarsjórnir í Hafnarfirði

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

þann: 9. ágúst 2022.

*Ólafur Jónsson*  
SKIPULAGSSTOFNUN HAFNARFJARÐAR

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild stjórnmála þann: 2022

### Skýringar:

- M Miðbær, miðsvæði
- Vb Verslunar- og þjónustusvæði
- S Samfélagsþjónusta
- I Iðnaðarsvæði
- AT Athafnasvæði
- IB Iðnaðarsvæði
- H Hafnarbær
- F Svæði fyrir frístundabyggð
- K Kirkjugarðar og grafreir
- E Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- IB Íþróttasvæði
- OB Óbyggð svæði
- AF Aftþreyingar- og ferðamannasvæði
- Skipulagi frestað
- SL Skógræktar og landgræðslusvæði
- OP Opin svæði til sérstakra nota
- V Vötn, ár og sjór
- VH Veitur og helgunarsvæði
- FS Frílýst svæði
- ON Önnur náttúruverndarsvæði
- HV Hverfisvernd (hvít yfirstríkun)
- R Frílýstar forminjar
- VB Vatnsbólvasvæði
- Vc Vatnsvernd Grannsvæði (vatnsvernd II)
- Vf Vatnsvernd Fjarasvæði (vatnsvernd III)
- VA Varúðarsvæði
- Svæði takmarkaðrar ábyrgðar, greinagerð 2,2,6 10
- Sveitarfélagsmörk
- Stofnbrautir
- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengibrautir
- Safngötur, sýndar að hluta vitinga
- Misleg gatnamót
- Undirgöng / brú
- Göngu- og hjólaleiðir
- Reiðleiðir
- Útivistarstigar
- R Háspennulína
- R Jarðstregur
- V Aðveitlað vatnsveitu
- V Aðveitlað hitaveitu
- F Frárennissvæði
- Varnargarðar
- Þéttbýlismörk
- Tengivirkir
- Spennistöð